# Breyting á deiliskipulagi "Breikkun Miklubrautar milli gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Grensásvegar", vegna lóðar nr. 100 við Miklubraut




Hluti deiliskipulagsbreytingar, samþykkt í borgarráði 18.desember 2001 og auglýst í B-deild 27.03.2002. Mælikv. 1:2000




Breytt deiliskipulag 1:2000




Hluti gildandi aðalskipulags 2040

**Skýringar vegna breytinga**

- Lóðarmörk
- Mörk deiliskipulags-breytingar
- Byggingarreitur




**Skipulagsleg staða** - aðalskipulag

Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er skipulagssvæðið skilgreint sem svæði fyrir miðborg og miðsvæði M8 Kringlan - Listabraut. Þar er gert ráð fyrir verslun, þjónustu, veitingahúsum, ýmiss konar afþreyingu, skrifstofum og íbúðum.

**Greinargerð:**

Í gildi er deiliskipulag, Breikkun Miklubrautar milli gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Grensásvegar, samþykkt 26. september 2000, ásamt síðari breytingum.
Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir bensínstöð á lóð nr. 100 við Miklubraut.

**Lýsing á breytingu:**

- Á lóð nr. 100 við Miklubraut verður skilgreindur byggingarreitur fyrir einnar hæðar spennistöð og tæknirými ásamt viðbótarrými fyrir hleðslubúnað skv. skýringamynd á uppdrætti.
- Stærð byggingarreits er 3,5x8 m eða $28m^2$.
- Hámarkshæð mannvirkis er 3 m frá gólfkóta, þakform er frjálst.
- Gerð er krafa um gróðurbelti umhverfis spennistöð og að núverandi gróður fái að halda sér.
- Gerð er krafa um að spennistöð verði í jarðlitum svo hún falli betur að gróðurbelti.
- Allar merkingar/auglýsingar rekstraraðila skulu vera á hleðslubúnaðinum sjálfum, ekki er heimilt að setja upp auglýsingaskilti eða önnur skilti/merkingar.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.




Skýringarmynd 1:1000

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á umhverfis- og skipulagsráði þann 22. nóvember 2023

Til samræmis við heimild í 3.mgr. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 17. júlí 2024

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

Skipulagsstofnun
Mótt. 24 júlí 2024

**REYKJAVÍK - DEILISKIPULAG**
BREIKKUN MIKLUBRAUTAR
BREYTING Á DEILISKIPULAGI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A3: | 1:2000 / 1000 | TEIKN NR: | 01 |
| DAGS: | 25.09.2023 | HANNAÐ: | egt |
| FLOKKUR: | 000-reyk_F | TEIKNAÐ: | egt/er |
| SKRÁ: | 23163-dsk.dwg | VERKNR: | 23163 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK\F\23163-FJOLORKUSTOD MIKLABRAUT 100\TEIKN\DWG\DSK_BREYTING\23163-DSK.DWG